

# Námsáætlun-Leiklist

## 6.bekkur 2015-2016

### Helstu viðfangsefni

**Á vorönn** fer undirbúningur á fullt fyrir skógarleikrit Rimaskóla þar sem allur 6 bekkur sýnir í Grendarskógi Grafarvogs, leikgerð af Línu Langsokk dagana: 6-7 júní. Þar fær nemandi tækifæri til að leika úti í náttúrunni leiksýningu sem tekur um 40-50 mínútur. Til undirbúnings að sýningunni á Línu Langsokk telst td. Senuvinna, persónusköpun, sviðstækni, raddtækni, rýmisvitund, sviðsbardagalist o.fl. sem tengist hæfniviðmiðum nemanda í 6. bekk. Allir nemendur árgangsins taka þátt og fá verkefni við hæfi hvers og eins.

### **Hæfniviðmið:**

Að nemandi geti skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í leikþætti/leiksýningu með viðeigandi radd og líkamsbeitingu. Nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Búið til leikþætti í samvinnu við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.

### Kennslutilhögun

Innlagnir verkefna, hópefli, traustleikir, leiktækni, hlustun og spunaleikir verða helstu vinnuaðferðirnar. Lögð er áhersla á að nemendur geta unnið sjálfstætt og að þeir læri að bera virðingu fyrir öðrum í bekknum. Hópvænna er einnig mikilvæg þar sem að allir geta unnið saman.

### Námsmat

Einkunn er gefin í lok annar.

Tekið er mið af sjálfstæði, frumkvæði, sköpun, vinnusemi, áhuga, vandvirkni og viðhorfi. Einnig að nemandi geti unnið í hóp og taki þátt í hópavinnu.